

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. apríl 2008.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum (529. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp þar sem lagðar eru til breytingar á starfsemi og fjármögnun Fasteignamats ríkisins.

Viðskiptaráð Íslands getur ekki tekið undir þá breytingu frumvarpsins að fella á vátryggingarfélög sérstakt gjald til að standa undir rekstri Fasteignaskrár Íslands í stað þess brunabótamatsgjald sem húseigendur greiða nú. Ekki er að finna rökstuðning fyrir þessari breytingu í greinargerð frumvarpsins annan en almenna vísan til álits efnahags- og skattanefndar.

Viðskiptaráð hefur lengi talað fyrir aukinni beitingu notendagjalda, í stað ríkisframlaga, í rekstri opinberra stofnanna. Notendagjöld eru betur til þess fallinn að tryggja skilvirka og hagkvæma nýtingu fjármuna og draga þau þar með úr útgjöldum hins opinbera. Þegar ákveðið er hins vegar að beita slíkum gjöldum er afar mikilvægt að skilgreina notandann, en þar ber að miða við þann aðila sem hefur hagsmuni af því að fá umrædda þjónustu veitta. Sá aðili sem um ræðir í þessu tilviki er án efa eigandi fasteignarinnar að mati Viðskiptaráðs, en þetta var staðfest í greinargerð með lögum nr. 165/2007 þar sem segir:

*„Í öðru lagi er lagt til að vátryggingafélögin innheimti sérstakt brunabótamatsgjald af húseigendum. **Markmið brunatryggingarskyldu húseigna hér á landi er fyrst og fremst að gæta hagsmuna húseiganda.** Jafnan hefur verið við það miðað að húseigandi bæri ábyrgð á því að eign hans væri virt til brunabótamats og hann greiddi fyrir slíkt mat.“*

Vátryggingafélögin hafa enga þörf fyrir brunabótamat Fasteignaskrár ríkisins og hafa þ.a.l. engra hagsmuna að gæta í þeim efnum. Eðli málsins samkvæmt eru það eigendur fasteigna sem hafa ríka hagsmuni af því að eign þeirra sé vátryggð með fullnægjandi hætti.


Viðskiptaráð leggur til að b. liður b. liðar 14. gr. frumvarpsins verði felldur brott úr frumvarpinu.

Það er afar mikilvægt við gjaldtöku hins opinbera, hverjum svo sem hún beinist gegn, að gengið sé úr skugga um að gjaldtakan endurspegli raunkostnað við veitingu þjónustunnar og að gjöldin séu reglulega endurskoðuð. Í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að við ákvörðun gjaldskrár skuli taka mið af kostnaði einstakra rekstrarþátta og að hún skuli vera endurskoðuð árlega. Að mati Viðskiptaráðs er orðalag þetta ónákvæmt enda er ekki loku fyrir það skotið að gjaldskráin verði grundvölluð á öðru en kostnaði einstakra rekstrarþátta.

Viðskiptaráð leggur til að 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins verði breytt á þá leið að gjaldskráin skuli einungis taka mið af kostnaði einstakra rekstrarþátta sem skulu aðgreindir í bókhaldi.

Viðskiptaráð fagnar því að endurskoða eigi skyldutryggingu vegna bruna húseigna með það að leiðarljósi að afnema þá skyldu. Það á að vera váttryggjanda og váttryggingarfélags að meta í sameiningu váttryggingarfjárhæð húseignarinnar – samningsfrelsið á að ríkja á þessu sviði eins og öðrum. Fyrirkomulag af því tagi væri enn fremur í samræmi við skipan mála á hinum Norðurlöndunum.

Virðingarfyllt,



Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs